

Viðskiptaafgangur var 68,1 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi – hrein staða við útlönd jákvæð um 108 ma.kr.

Á þriðja ársfjórðungi 2017 var 68,1 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Halli á vöruskiptajöfnuði var 47,5 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði¹ var 117,5 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 1,6 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 3,5 ma.kr. halla.

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð á þriðja ársfjórðungi 2017 og stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.307 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.198 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 108 ma.kr. eða sem nam 4,4% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 125 ma.kr. eða sem nam 5% af VLF á milli ársfjórðunga. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 72 ma.kr. Skuldir lækkuðu um 398 ma.kr. og erlendar eignir um 326 ma.kr. vegna fjármagnsviðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um sem nam 91 ma.kr. Skýrist það af 4,5% verðhækkunum á erlendum hlutabréfamörkuðum og af 5% lækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog.

¹ [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

² Sjá Hagtölur á www.seðlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2016, Q3</u>	<u>2016, Q4</u>	<u>2017, Q1</u>	<u>2017, Q2</u>	<u>2017, Q3</u>
Viðskiptajöfnuður	100,8	42,2	8,0	15,0	68,1
Vöruskiptajöfnuður	-22,5	-13,3	-35,0	-45,9	-47,5
Þjónustujöfnuður	122,7	41,1	41,4	61,5	117,5
Jöfnuður frumpáttatekna	2,8	18,3	5,0	4,6	1,6
Rekstrarframlög, nettó	-2,4	-3,9	-3,4	-5,1	-3,5
Jöfnuður fjárframlaga	-0,2	-0,5	-0,3	-0,3	-0,3
Fjármagnsjöfnuður	50,4	112,3	-6,9	-3,1	72,1
Bein fjárfesting	-85,0	-13,0	-4,1	27,2	-22,8
Verðbréf	-31,3	61,8	36,5	140,7	48,1
Afleiður	0,8	0,4	1,3	9,1	10,9
Önnur fjárfesting	50,3	-37,6	-39,1	-72,6	36,6
Gjaldeyrisforði	115,6	100,7	-1,5	-107,6	-0,7
Skekkiur og vantalið, nettó	-50,1	70,6	-14,6	-17,8	4,3

Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q2 2017	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q3 2017
Erlendar eignir, alls	3.478	-326	152	2	3.307
Bein fjárfesting	1.316	-380	56	0	992
Verðbréf	988	44	61	0	1.093
Afleiður*	13	11	-11	0	13
Önnur fjárfesting	497	0	21	2	520
Gjaldeyrisforði	664	-1	25	0	688
Erlendar skuldir, alls	3.495	-398	62	40	3.198
Bein fjárfesting	1.778	-357	27	37	1.484
Verðbréf	1.122	-4	22	2	1.141
Afleiður*	10	0	1	0	10
Önnur fjárfesting	585	-36	12	1	563
Hrein staða við útlönd	-17	72	91	-38	108
Hrein staða við útlönd, % af VLF	-0,7%	2,9%	3,6%	-1,5%	4,4%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.